



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 127/1649
komudagur S. Y. 2002

Dagsetning 4. apríl 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 192, tillögu til þingsályktunar um könnun á sjóðandi lághitasvæðum.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur mikilvægt að gerðar verði nauðsynlegar rannsóknir á sjóðandi lághitasvæðum og leiðir fundnar til að nýta þessa orku betur í krafti nýrrar tækni. Byggðastofnun telur mikilvægt að skoða sérstaklega hvernig nýta megi þessa auðlind til atvinnusköpunar á viðkomandi svæðum til eflingar byggðar.

Byggðastofnun mun meta möguleika á þátttöku í rannsókn á sjóðandi lághitasvæðum verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst

Ingunn H. Bjarnadóttir
Ráðgjafi á próunarsviði Byggðastofnunar